

Priðjudaginn 7. janúar 1997.
 Nr. 8/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
 gegn
Láru Dís Sigurðardóttur
 (Ástríður Grímsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1997, þar sem varnaraðila er gert að sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 22. janúar nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast verður á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1997.

Ár 1997, laugardaginn 4. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Láru Dís Sigurðardóttur, kt. 130261-7019, Gilsbakka 3, Bíldudal, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 1. febrúar nk. kl. 16.

Kærða var handtekin á heimili sínu um kl. 11.30 í gær, grunuð um að eiga aðild að innflutningi á verulegu magni fíkniefna. Hún neitar sakargiftum og mótmælir kröfunni, en gerir þá varakröfu, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Hjá lögreglu er nú til rannsóknar mál, er varðar stórfelldan innflutning fíkniefna, þ. e. hass, amfetamíns og E-taflna. Upphaf málsins má rekja til þess, að tveir Hollendingar, maður og kona, voru handtekin við komu til landsins 11. desember sl. Reyndust þau hafa í fórum sínum tæp 10 kíló af hassi. Eftir handtöku þeirra var gerð húsleit hjá nokkrum Íslendingum, sem taldir voru tengjast málinu, og fundust þá til viðbótar um 10 kíló af hassi auk amfetamíns og E-taflna.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að í september sl. kom fólk af hollenskum uppruna til landsins með færeysku ferjunni Norröna í bifreið af gerðinni Citroën. Grunur leikur á, að flutt hafi verið til landsins með bifreið þessari 15 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og talsvert magn E-taflna. Sterkar líkur hafa verið leiddar að því, að fíkniefnin hafi verið tekin úr bifreiðinni í bílskúr við hús eitt í Keflavík nokkru eftir komu til landsins.

Kærða er grunuð um að eiga mikinn þátt í innflutningi þessum. Þannig er hún grunuð um að hafa komið á sambandi milli íslenskra aðila og Hollendinga, Albart að nafni, sem hún kynntist í Portúgal, þegar hún bjó þar, eftir að hann kom hingað til lands í desember sl. Er hún grunuð um að hafa ekið Albart þessum að kaffihúsi hér í borg til fundar við íslenskan karlmann, þar sem fram fóru skipti á fíkniefnum og peningum.

Þá hefur komið fram við rannsókn málsins, að kærða var með Albart og tveimur öðrum í ferðinni til Keflavíkur, þegar fíkniefni voru tekin úr Citroën-bifreiðinni í bílskúr við hús eitt þar í bæ. Kærða hefur staðfastlega neitað að eiga nokkra aðild að innflutningi fíkniefna þeirra, sem áður er að vikið.

Í þágu rannsóknar málsins hafa fimm menn verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Telur lögregla, að um sé að ræða eitt mesta fíkniefnamál, sem upp hefur komið hérlandis.

Rannsókn málsins er umfangsmikil og ekki séð fyrir enda hennar. Af gögnum málsins er ljóst, að kærða er svo viðriðin málið, að hún kann að torvelda rannsókn þess, fari hún frjáls ferða sinna. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi, en rétt þykir, að það standi ekki lengur en til miðvikudagsins 22. janúar nk. kl. 16.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærða, Lára Dís Sigurðardóttir, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 22. janúar nk. kl. 16.